

Fundargerð

408. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 7. júní 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kári Jónasson

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1 - 2. Starfsemin í sumar – Sumarferðir

Framkvæmdastjóri fór almennt yfir starfsemi félagsins í vor og sumar. Fundurinn í Ráðhúsinu fyrir sveitastjórnakosningarnar var fjölmennasti kosningafundur fyrir þær kosningar og gekk mjög vel þrátt fyrir fjölda framboða og þátttakenda. Farnar hafa verið tvær fjölmennar utanlandsferðir á vegum félagsins í vor með um 100 manns – báðar heppnuðust með miklum ágætum. Slíkar ferðir eru mikil lyftistöng fyrir félagið á margan máta. Nú vikunni lauk þriggja daga söguferð um Norðurland með 55 manns sem sömuleiðis heppnaðist mjög vel. Á dagskrá eru svo nokkrar ferðir, lengri og styttri hér innanlands, sem mikið hefur bókast í og sumar fullbókaðar. Aðventuferðir á vegum félagsins til Kaupmannahafnar eru fullbókaðar og verið að bæta við ferð í desember.

Skrifstofa FEB verður lokuð vegna sumarleyfa 16. júlí til 6. ágúst.

3. Fjölgun félagsmanna

Fjölgun um 136 í maí í kjölfar útsendinga.

4. Samastarfsamningur við Vildarhús

EBS kom inn á umræðu um þetta mál og á fyrri stjórnarfundum. Lítur á, að málið sé í þeim farvegi sem samþykkt var á síðasta fundi. Engin athugasemd.

5. Fundur starfshóps með velferðarráðuneyti

Haldnir hafa veið þrjár fundir. Eins og fulltrúar FEB í hópnum sögðu er ekki „tilfinning hvert stefnir“. Fulltrúar ráðuneyta einblína mjög þröngt á allra lægstu hópana í þessum aldurshóp þegar rætt er um úrræði. Allar upphæðir þar ótrúlega lágar og tekjubilið mjög lítið. Spurt var: „er það meðvitað stefna að halda eldra fólki við fátæktarmörk?“ Rætt var um að skilgreina betur fyrir hverju verið er að berjast? Mun dómsstólaleiðin hreyfa við? Komið er að polmörkum á öllum vígstöðvum.

6. Umræða um breytingar á vinnubrögðum

Sigríður S. lagði fram tillögu um að stjórn FEB stefni að vinnudegi í haust þar unnið verði að skýrari stefnumótun fyrir félagið og framtíðarsýn verði skerpt. Reynt verði að marka betur fyrir hvað félagið vill standa, hver eru helstu forgangsmál og áhersluatriði.

Samþykkt að boða til vinnufundar er haustar – tímasetning ekki fastnegld.

7. Önnur mál

Þorbjörn kom inn á skrif um lífeyrismál á Facebook síðu Gráa hersins.

Samþykkt að innleiða ritstjórnarstefnu á vefnum í höndum Finns, Guðrúnar og Sjafnar.

Samþykkt heimild til framkvæmdastjóra til að ganga frá Tryggingabréfi - VIÐAUKA við viðskiptasamning við Landsbankann vegna eignar 2359671 Árskógar 1-3 að upphæð 600 milljónir kr.

Anna Þrúður kom inn á reglur um úthlutun íbúða í byggingarnefnd og meðferð þeirra. Reglur samþykktar á fundi stjórnar FEB í ágúst 2017 og eru öllum aðgengilegar í fundargerð.

Upplýst að formaður og framkvæmdastjóri voru boðaðir á fund velferðarnefndar Alþingis 1. júní s.l. vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um sjúkratryggingar.

Næsti fundur 14. ágúst kl. 9.30 - nema ehv sérstakt komi fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 12.10.

Samþykkt;